

Umsögn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum um mál nr. 90/2022: „Tillaga til þingsályktunar um málstefnu íslensks táknmáls“.

Varðveisla og efling íslensks táknmáls (ÍTM) er menningarlegt þjóðþrifamál; lýtur að mikilvægum þætti íslenskrar sögu og menningar. Jafnframt er tungumálið lifandi samskiptatæki og þarf að geta gegnt því hlutverki sem best, vera nothæft á sem flestum notkunarsviðum og njóta virðingar og velþóknunar, ekki aðeins meðal táknmálsfólks heldur meðal alls almennings.

Ekki er víst að almenningur geri sér alveg ljóst hve geysilega viðkvæm staða ÍTM er í raun, þrátt fyrir lagalega viðurkenningu á Íslandi sem minnihlutamál, skv. lögum um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls nr. 61/2011.

Málsamfélag ÍTM er afskaplega fámennt, skiptir aðeins fáeinum hundruðum. Þá hefur sú þróun að foreldrar hafa oft kosið að láta reyna á kuðungsígræðslu, hjá börnum sem fæðast með litla eða enga heyrn, orðið til þess að börn sem ella hefðu bæst við málsamfélag ÍTM taka íslensku sem fyrsta mál í sinni máltöku en hafa e.t.v. ekki fengið að láta reyna nægilega á máltöku ÍTM.

Það væri ástæða til þess að gera þessari mjög svo viðkvæmu stöðu nánari skil í þingsályktun/aðgerðaáætlun. Það væri líka e.t.v. ástæða til að hnykkja á því að önnur smá málsamfélög á Íslandi, þ.e. með aðeins nokkur hundruð manns, á borð við t.d. portúgölskumælandi, eða rúmenskumælandi, eru í allt öðrum sporum þegar þess er gætt að heilu löndin/ríkin/svæðin erlendis standa á bak við þau tungumál. Þau eru því ekki í hættu þótt fáir tali þau á Íslandi. En ÍTM er hvergi notað að neinu marki nema einmitt hér á Íslandi og þess vegna þarf sérstaklega að huga að því héraðs að það lifi og dafni – og það er okkar ábyrgð sem hér búum.

Greinilegt er að frekari aðgerða er þörf til styrktar ÍTM, í framhaldi af samþykkt laganna nr. 61/2011. Til viðbótar þeim röksemdum, sem koma fram í aðgerðaáætlun og þingsályktunartillögunni sem eru til umsagnar, má benda á athugun sem gerð var með viðtölum við fyrrverandi formenn Félags heyrnarlausra og eina fyrrverandi þingkonu úr hópi táknmálsfólks. Umræðuefnið var hvort lagasetningin hefði svarað væntingum þeirra. Niðurstaðan var sú að löggjöfin ein og sér er ekki nægileg. Vissulega hefði hún skipt miklu máli hvað varðar það að hafa fyrsta mál sitt viðurkennt lagalega sem alvöru tungumál sem beri að varðveita og efla á Íslandi, en hins vegar hefði staða tungumálsins í samfélaginu ekki náð að styrkjast sem skyldi þrátt fyrir lagasetninguna. Sagt er frá þessu í bókarkafnanum: Valgerður Stefánsdóttir, Ari Páll Kristinsson og Júlía G. Hreinsdóttir. 2019. *The Legal Recognition of Icelandic Sign Language: Meeting Deaf People's Expectations? The Legal Recognition of Sign Languages. Advocacy and Outcomes Around the World.* Maartje De Meulder, Joseph J. Murray og Rachel McKee (ritstj.). Bristol: Multilingual Matters. 238-253. (Í bókarkafnanum er raunar líka rakin saga og undirbúningur þess að lögin voru sett árið 2011.)

Það er afskaplega góð hugmynd að gera dag íslenska táknmálsins að fánadegi, líkt og er um dag íslenskrar tungu. Það myndi minna á tilvist og gildi ÍTM í samfélaginu og m.a. þá staðreynd að ÍTM er hitt tungumálið sem hér hafa verið sett sérlög um.

Liður C í þingsályktunartillögunni ber yfirskriftina *Rannsóknir á ÍTM skipta sköpum fyrir varðveislu menningarverðmæta*. En í raun er það svo, eins og kemur í reynd í ljós þegar textinn er lesinn, að það sem skiptir máli er fleira en rannsóknirnar, þ.e. söfnun og varðveisla gagnanna – sem rannsóknir síðan snúa að. Hér mætti velja nákvæmari yfirskrift/einkunnarorð, t.d.: *Gagnasöfnun, útgáfa og rannsóknir á ÍTM skipta sköpum fyrir varðveislu menningarverðmæta*.

Í lið A.5 í aðgerðaáætluninni segir: „Málnefnd um íslenskt táknmál þarf að sjá til þess að fulltrúar frá nefndinni, Hlíðaskóla, Samskiptamiðstöð og Menntamálastofnun komi að vinnslu námsefnisins svo tryggja megi jákvæð viðhorf til íslensks táknmáls.“ Það er e.t.v. óraunhæft að ætla að aðkoma þessara aðila „tryggi jákvæð viðhorf“. Sennilega væri raunhæfara að tala um að tilgangurinn sé að gæta þess að í vinnslu námsefnisins verði hugað að sjónarmiðinu um mikilvægi jákvæðra viðhorfa til ÍTM.